



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og lögum um stjórnarsýslu jafnréttismála nr. 151/2020 (jafnlaunakerfi) - DMR25040224
Ráðuneyti	Dómsmálaráðuneyti
Stig mats	☒ Frummat, sbr. 1. gr. ☐ Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	2. júní 2025

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifabáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifabættir á fjárhag ríkissjóðs.

Nákvæm útlistun á fjárhagsáhrifum á ríkið vegna helstu breytinga sem áætlaðar eru með frumvarpinu liggja ekki fyrir en ætla má að breytingunum fylgi sparnaður fyrir öll fyrirtæki og stofnanir sem falla undir lagaskylduna um jafnlaunavottun, þar á meðal opinberar stofnanir.

Mikilvægt er að nýta stafrænar lausnir við gagnaskil og yfirferð gagna í tengslum við jafnlaunakerfi í ríkara mæli en nú er gert svo að um raunverulega einföldun kerfis sé að ræða. Þróun slíkra lausna tekur tíma og krefst undirbúnings.

Til lengri tíma litið fylgir sparnaður hjá hinu opinbera þeim breytingunum sem boðaðar eru í frumvarpinu. Til skemmri tíma mun þó kostnaður við þróun stafrænna lausna við gagnaskil hugsanlega þýða aukinn kostnað fyrir hið opinbera tímabundið. Kostnaðarmat er í vinnslu.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:

a) í gildandi fjárlögum

Nei

b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs

Nei

c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar

Gert er ráð fyrir að einföldun jafnlaunavottunarkerfisins muni skila hagræðingu á tímabili áætlunarinnar.

2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks, t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?

Ekki er unnt að greina frá nánari útfærslu á þessu stigi.

3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?

Ótímabært að segja til um á þessu stigi.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

Langflest fyrirtæki og stofnanir uppfylla nú þegar lagaskilyrði um jafnlaunakerfi. Í árslok 2024 var hlutfall þeirra sem uppfylla lagaskylduna komið upp í rúmlega 80%. Hjá þessum aðilum starfa tæplega 90% af starfsfólki fyrirtækja og stofnana sem lagaskyldan nær yfir. Þar sem verið er að létta á þeim kröfum sem gerðar eru varðandi jafnlaunakerfi er ekki ástæða til að ætla að frumvarpið hafi önnur áhrif á þau en sú að einfalda skyldu þeirra og draga úr kostnaði.

D. Önnur áhrif

1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Verið er að létta á þeim kröfum sem gerðar eru til fyrirtækja og stofnana, þ. á m. opinberra stofnana, varðandi jafnlaunakerfi og því er ekki ástæða til að ætla að frumvarpið hafi önnur áhrif á þau en sú að einfalda skyldu þeirra og draga úr kostnaði.

2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi).

Ekki er gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi áhrif á frelsi til að veita þjónustu.

3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000.

Ekki er gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi áhrif á reglur um vöru og fjarþjónustu.

4. Áhrif á byggðalög.

Ekki er gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi áhrif á byggðalög.

5. Áhrif á frjáls félagasamtök.

Frumvarpið hefur ekki bein áhrif á frjáls félagasamtök sem vinna að jafnréttismálum að öðru leyti en því að áfram er skylda fyrir fyrirtæki og stofnanir af tiltekinni stærð að hafa jafnlaunakerfi sem er ætlað að tryggja að launasetning þeirra byggist á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Lagðar eru til breytingar sem miða að því að hægt sé að uppfylla markmið ákvæða jafnréttislaga um jafnlaunakerfi með skilvirkari, hagkvæmari og gagnsærri hætti en áður.

6. Áhrif á jafnrétti kynjanna.

Frumvarpið er liður í því að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðlar að jafnrétti kvenna og karla.

7. Áhrif á lýðheilsu.

Ekki er gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi bein áhrif á lýðheilsu fólks en það stuðlar að jafnrétti kvenna og karla og hefur því jákvæð áhrif á velferð fólks.

8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.

Ekki er gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi sérstök áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.

9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.

Ekki er gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.

10. Áhrif á stjórnsýslu, svo sem hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.

Ráðuneyti og stofnanir eru nú þegar skyldug til að uppfylla lagaskilyrði um að búa yfir jafnlaunakerfi til að tryggja jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf. Þar sem verið er að létta á þeim lögbundnu kröfum sem gerðar eru til ráðuneyta og stofnana varðandi jafnlaunakerfi er ekki ástæða til að ætla að frumvarpið hafi önnur áhrif á þau en sú að einfalda ferlið og draga úr kostnaði.

11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, svo sem aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.

Frumvarpið er liður í því að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðlar að jafnrétti kvenna og karla.

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.

Ekki er gert ráð fyrir því að frumvarpið hafi bein áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun. Hins vegar er frumvarpið liður í því að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kvenna og karla. Því má segja að það varði velferð fólks sem er þáttur í sjálfbærri þróun.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.

Breytingunum sem frumvarpið boðar mun fylgja sparnaður fyrir opinberar stofnanir til lengra tíma lítið. Til skemmri tíma mun þó kostnaður við þróun stafrænna lausna við gagnaskil í tengslum við jafnlaunakerfi mögulega þýða aukinn kostnað fyrir hið opinbera. Kostnaðarmat hvað þetta varðar er í vinnslu.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.

Þær breytingar sem ráðist verður í verða gerðar að teknu tilliti til markmiða laga um launajafnrétti, þ.e. að þrátt fyrir breytingar á kerfinu er markmiðið það sama og áður að fyrirtæki og stofnanir tryggi að konur og karlar fái greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).

Frumvarpið er til þess fallið að gera lögbundnar kröfur til jafnlaunakerfis og ferlis í kringum það skilvirkara og hagkvæmara og draga úr kostnaði við framkvæmd þess. Ætla má að breytingunum sem frumvarpið boðar muni fylgja sparnaður fyrir fyrirtæki og stofnanir sem falla undir lagaskylduna um jafnlaunavottun. Í frumvarpinu verða lagðar til breytingar sem miða að því að hægt sé að uppfylla markmið laganna um jafnlaunakerfi með skilvirkari, hagkvæmari og gagnsærri hætti en áður.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?

2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?

3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?